

## Fundur nr. 244

Ár 2024, föstudaginn 31. maí kom stjórn Faxaflóahafna sf. saman í fundaherbergi hafnarstjórnar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu og hófst fundurinn kl. 9:30

Mætt:

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður  
Hildur Björnsdóttir  
Már Másson  
Ragnheiður H. Magnúsdóttir  
Guðmundur Ingpór Guðjónsson  
Helga Harðardóttir  
Páll Brynjarsson

Auk þeirra voru á fundinum Inga Rut Hjaltadóttir, sviðsstjóri framkvæmdasviðs og Gunnar Tryggvason, hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

### 1. Öryggi, heilsa og umhverfi

Mánaðarskýrsla öryggisstjóra lögð fram til kynningar og rædd.

- Ekkert slys frá síðasta fundi
- Tvö öryggisfrávik frá síðasta fundi

### 2. Mánaðaryfirlit hafnarstjóra

Lagt fram og kynnt af hafnarstjóra og rætt.

### 3. Úthlutun lóðar á Grundartanga

Inga Rut Hjaltadóttir, sviðsstjóri Framkvæmdarsviðs kynnti umsókn fyrirtækisins Alurs Álvinnsla ehf. um viðbótar lóð við Klafastaðarveg 6 á Grundartanga.

Stjórn samþykkti samhljóða heimild til hafnarstjóra til að undirrita samkomulag um úthlutun lóðarinnar við Klafastaðarveg 6 til Alur Álvinnsla ehf. og greiðslu lóðagjalda. Stærð lóðarinnar er 1.978 fm. og greiðast lóðargjöld skv. gjaldskrá.

### 4. Þriggja mánaða uppgjör

Jón Garðar Jörundsson sviðsstjóri viðskiptasviðs og Ragnheiður Ragnarsdóttir deildarstjóri fjármáladeildar komu á fundinn undir þessum lið og kynntu 3ja mánaða fjárhagsuppgjör félagsins. Rekstrartekjur tímabilsins námu 1.046 m.kr. sem er á pari við áætlun og EBITDA 226 m.kr. sem er 7,6% yfir áætlun.

## **5. Forkaupsréttarmál:**

Hafnarstjóri kynnti að fallið hafi verið frá forkaupsrétti eftirfarandi fasteigna með venjulegum fyrirvara um að afnot lóða falli að gildandi deiliskipulagi og lóðarleigusamningum:

- a. Erindi Máttarstólpa ehf. um sölu á Sægörðum 15, Reykjavík. Fasta nr. 235-7239. Kaupandi Klettaskjól ehf.

## **6. Innkaupastefna**

Gyða Mjöll Ingólfssdóttir, gæða- og umhverfisstjóri kom á fundinn undir þessum lið og kynnti drög að innkaupastefnu og svaraði spurningum fundarmanna. Stefnt er að afgreiðslu stefnunnar á næsta fundi stjórnar.

## **7. Grænt bókhald og loftslagsbókhald**

Gyða Mjöll Ingólfssdóttir, gæða- og umhverfisstjóri kom á fundinn undir þessum lið og kynnti grænt bókhald Faxaflóahafna 2023 og loftslagsbókhald skipa í höfnum Faxaflóahafna 2023.

## **8. Önnur mál**

Engin önnur mál.

Fundi slitið 11:45